



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra
- Mæðrastyrsnefnd fær stuðning
- Samræmd próf 2010
- Nói og örkin hans í 2. bekk
- Breytingar á starfsliði
- Ásdís Lilja sigraði söngkeppni
- Mikilvægi morgunverðar
- Spurningalið skólans
- Hrollur
- Skólakórinn
- Skólaráð
- Framhaldsskólakynning
- Starf bekkjartengla

## GÓÐI segir:



Vandlega valið frá þér lag varðveitist hjá mér daginn bjarta.

## ...Vináttufræi skal sá hvern dag...

### Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Gleðilegt ár, takk fyrir öflugt samstarf á liðnu ári.

*Valin orð vina á milli veröld gera betri Það þarf ekki lófafylli þegar gránar á miðjum vetri.*

Reyndar hefur veturinn okkar einkennst af góðu veðri það sem af er og engu líkara en að veðurguðirnir hafi beint slæma vetrarveðrinu okkar til annarra Evrópubúa, um sinn að minnsta kosti.

Gott veður jafnast þó ekki á við hlý orð frá vini til vinar. Orð sem bera með sér væntumþykju og kærleik

*Vandlega valið frá þér lag varðveitist hjá mér daginn bjarta. Vináttufræi skal sá hvern dag svo visni ekki í mínu hjarta.*

Í amstri dagsins hættir okkur til að gleyma að rækta vináttubönd og jafnvel líta á þau sem sjálfsagðan hlut sem sinna mætti síðar.

Við í Áslandsskóla höfum hins vegar verið rækilega minnt á

það á nýliðnu ári hversu hverfult lífið getur verið og miskunnarlaust. Lífið sem er svo fallett en getur á stundum verið erfitt og ótrúlega sársaukafullt.

*Af visku þurfum að verja hjörð verkum gegn er beint skal spjótum Um vinarþel okkar skal standa vörð einnig á lífsins vegamótum.*

Skólaárið í Áslandsskóla hefst að venju af krafti hjá starfsfólki skólans, dugmikilli vinnu og framtíðarsýn hjá nemendum undir árvökulum augum metnaðarfullra forráðamanna.

Síðasta skóladag fyrir jól sýndi skólasamfélagið okkar enn og aftur þann mikla samhug og náungakærleik sem býr í brjóstum okkar. Þá afhentum við Mæðrastyrsnefnd Hafnarfjarðar framlag frá skólasamfélaginu í Áslandi. Styrkurinn hefur aldrei verið hærri eða tæpar 250.000 krónur. Ber ég ykkur góða kveðju nefndarinnar og víst er að aurnir komu að góðum notum.

Framundan á skólaárinu er gnótt verkefna. Stutt er í menningarhátíðina okkar sem við

tengjum endurvinnslu og umhverfisvitund þetta árið. Menningarhátíðin er ávallt vel sótt og mikið fjör í skólanum, bæði í aðdraganda hátíðarinnar við undirbúning sem og á hátíðisdeginum sjálfum sem nú ber upp á 18. mars.

Þegar er farið að huga að næsta skólaári. Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk hafa verið gefnar út, vinna við skóladagatal 2010-2011 er hafin og áætlanagerð ýmiss konar í gangi. Ljóst þykir að einhverjar breytingar verða á bekkjarskipan á næsta skólaári þar sem draga þarf saman seglin með tímabundnum hætti hvað fjárútlát varðar. Nánar að því síðar.

*Saman við stöndum er ól verður hert stendur ei ógn af neinum Veist ekki alveg, hvers virði þú ert en virðingu hlýtur í leynum.*

Nú er Þorrinn, fjórði mánuður vetrar samkvæmt gamla norræna tímatalinu. Njótum hans og þess að vera til og þykja vænt hvert um annað.

**Leifur S. Garðarsson**

Skólustjóri Áslandsskóla

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

## Mæðrastyrksnefnd fær stuðning

Nemendur, forráðamenn og starfsfólk Áslandsskóla sleppa árlega "pakkajólum" í skólanum en styrkja þess í stað Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar skömmu fyrir jólahátíðina.

Leifur S. Garðarsson skólastjóri afhenti fulltrúa Mæðrastyrksnefndar styrk frá skólasamfélaginu í Áslandi, skömmu fyrir jólaeyfi.

Styrkurinn í ár var hærri en hann hefur áður verið eða krónur 247.743 og er einstaklega ánægjulegt að sjá samhuginn í skólahverfinu okkar.

Á sjö árum hefur skólasamfélagið í Áslandsskóla því styrkt Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar um 1.168.153. - krónur.

## Breytingar á starfsliði skólans

Um áramót fór Fjalar Þorgeirsson íþróttakennari í barnsburðarleyfi. Viggó Sigurðsson íþróttakennari mun leysa Fjalar af í þeim verkefnum sem hann sinni, fram til vors.

Rósa Björg Karlsdóttir er áfram í veikindaleyfi og mun Margrét Benediktsdóttir hafa umsjón með Goðaheimum til vors.

Helga Dröfn Hreinsdóttir lét af störfum í desember og færur við henni þakki fyrir hennar framlag til Áslandsskóla.

Í hennar stað var Ingibjörg Pálmadóttir ráðinn til starfa og sinnir starfi skólaliða, að mestu við að fylgja nemendum í íþróttir og sund.

## Samræmd próf 2010

Mennta—og menningarmálaráðuneytið hefur tilkynnt dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010.

Prófað verður á eftirfarandi dögum:

### 10. bekkur

Mánudagur 20.09.2010 í íslensku

Þriðjudagur 21.09.2010 í ensku

Miðvikudagur 22.09.2010 í stærðfræði

### 4. og 7. bekkur

Fimmtudagur 23.09.2010 í íslensku

Föstudagur 24.09.2010 í stærðfræði

Ákvörðun um dagsetningar er tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna.

## Ásdís Lilja sigraði í söngkeppninni

Föstudaginn 15. janúar var haldin söngkeppni Ássins.

Þar voru fjölbreyttir en jafnframt skemmtilegir keppendur.

Sigurvegari keppinnar var Ásdís Lilja nemandi í Tunglheimum en hún tók lagið Hallelúja og fer hún ásamt Örnú Pálsdóttur sem lenti í öðru sæti með lagið Draumur um Nínu í Söngkeppni Hafnarfjarðar.

Ásinn óskar þeim að sjálfsögðu góðs gengis.

## Nói og örkin hans 2. bekkur

Nemendur í 2. bekk eru þessa dagana að vinna verkefni um Nóa og örkin hans samkvæmt söguaðferðinni.

Nemendur hafa verið að vinna með ýmis dýr í sambandi við það. Þeir þurfa að finna upplýsingar um dýrin, semja ljóð um þau, setja sig í þeirra spor og skrifa um dag í lífi þeirra.

Verkefnið er samþætt og mikil og skemmtileg vinna er í gangi.

Má þar nefna hugstormun, upplýsingaöflun, ritun og sköpun, svo eitthvað sé nefnt.

## Mikilvægi morgunverðar

Á unglingsárunum er sjálfstæðið í fæðuvali orðið nokkuð mikið. Mikilvægt er þó fyrir foreldra að veita aðhald og styðja við hollar matarvenjur hjá unglíngunum.

### Nokkur góð ráð til að stuðla að hollu mataræði unglíngna:

- Hvetja unglínginn eða aðstoða hann við að fá sér morgunmat því vegna hormónabreytinga eru unglíngar oft syfjaðir og þreyttir á morgnana.
- Ákveða daginn áður í samráði við unglínginn hvað eigi að vera í morgunmat.
- Halda áfram að nesta unglínginn í skólann með hollum bita, t.d. ávexti.
- Skola og brytja niður grænmeti og ávexti og hafa aðgengilegt í ísskápnunum.
- Þegar fjölskyldan borðar saman er mikilvægur tími til að hafa áhrif á matarvenjur unglíngna því foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barna sinna.
- Leyfið unglíngnum að ákveða hvaða hollustu hann vill hafa í matinn.

## Spurningalið Áslandsskóla

Síðasta vetur fór af stað spurningarkeppni ÍTH og grunnskólanna.

Þar sem keppnin heppnaðist með eindæmum vel og góð þátttaka var frá öllum skólum bæjarins var ákveðið að halda henni áfram í vetur.

Spurningarlið Ássins og Áslandsskóla stóð sig einstaklega vel síðasta vetur og er stefnan að sjálfsögðu að komast alla leið í úrslit í ár. Við stefnum á að koma ennþá sterkari til leiks en liðið saman stendur af þeim Árna Frey Helgasyni, Helenu Guðjónsdóttur, Hafsteini Fannari Ragnarsyni, Þórarni Jóni Ásgeirssyni og Þorgeiri Björnssyni.

Fyrsta viðureign liðsins verður á mótí Setbergsskóla 11. mars á sal Áslandsskóla. En þangað til mun liðið vera í ströngum æfingum undir leiðsögn þjálfara liðsins.

## Frá fyrsta fundi skólaráðs 2010

Skólaráð Áslandsskóla fundaði í fyrsta skipti á nýju ári þriðjudaginn 26. janúar.

Byrjað var á að ganga um skólann og taka út öryggisreglur og aðbúnað.

Einnig var rætt um menningardaga, skóladagatal, samræmd próf og rekstraráætlun.

Skólaráð Áslandsskóla fundar næst um miðjan mars mánuð.

## Hrollur 27. janúar

Hrollur er árlegur viðburður sem skipulagður er í sameiningu nemendaráða Áslandsskóla og Hraunvallaskóla.

Ballið hefur vaxið með hverju árinu og er orðið eitt stærsta ball ársins með um 300 gesti frá öllum grunnskólum bæjarins.

Nemendaráð skólanna hafa ákveðið að ballið verði haldið í Hraunvallaskóla 27. janúar næstkomandi og munu hljómsveitin Silfur, DJ Haffi og söngvarinn Friðrik Dór halda uppi stuðinu.

## Skólakórinn

Kórstarfið fer nú af stað eftir áramótin. Sú breyting verður að nemendur í 4. bekk flytjast yfir í eldri kór sem er með æfingar á þriðjudögum kl. 15:10 -15:40. Yngri kór verður áfram með æfingar á fimmtudögum frá kl. 13:45 – 14:15. Gefst nú nemendum í 2. bekk kostur á að vera með. Framundan er skemmtilegur tími, kóramót í Víðistaðakirkju 20. mars, vorhátíð og fl.

Ég hvet alla nemendur í 2. – 7. bekk sem hafa áhuga á að syngja að vera með.

Æfingarnar eru í tónmenntastofunni:  
2. – 3. bekkur fimmtudaga frá kl. 13:45 – 14:15  
4. – 7. bekkur þriðjudaga frá kl. 15:10 – 15:50.

## MYNDAHORNIÐ



## Frá útileikjadedgi í haust

## Framhaldsskóla- kynning

Þriðjudaginn 26. janúar frá kl. 17:00-19:00 verður kynning á námsframboði tólf framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur í 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar og foreldra þeirra. Kynning þessi fer fram í aðalsal Flensborgarskóla. Hver framhaldsskóli verður með kynningarbás þar sem námsframboð og inntökuskilyrði verða kynnt.

Þeir framhaldsskólar sem verða með kynningarbás eru: Borgarholtsskóli, Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Fjölbautaskólinn við Ármúla, Fjölbautaskólinn í Garðabæ, Flensborgarskóli, Hraðbraut, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Kvennaskólinn, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Tækniskólinn og Verslunarskóli Íslands.

Við hvetjum alla nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra til að nýta sér þetta tækifæri en þetta er í fyrsta sinn sem slík allsherjar kynning fer fram í Hafnarfirði.

**Námsráðgjafar grunnskólanna í Hafnarfirði**  
Námsráðgjafar Flensborgarskóla

## Starf bekkjartengla Foreldrasamstarf

Samstarf innan bekkjardeilda er mikilvægur vettvangur fyrir foreldra til að kynna innbyrðis og styrkja hvert annað í uppeldis- og foreldrahlutverkinu. Undanfarin ár hefur verið unnið að eflingu foreldrasamstarfs innan hversrar bekkjardeildar og gegna bekkjartenglar þar stóru hlutverki.

Foreldrarölt í hverfinu hefur gengið nokkuð vel í vetur en örlitlar brigður er á að rölt hafi verið öll föstudagskvöld. Ég vil hvetja foreldra til að taka vel á móti bekkjartenglum þegar þeir eru að manna röltið og vera tilbúnir að taka þátt í röltinu. Bekkjartenglar gegna margvíslegum verkefnum, öðrum en skipulagningu foreldrarölsins sem er mjög mikilvægt fyrir hverfið, en þeir m.a. stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins. Þeir virkja aðra foreldra til samstarfs eftir áhuga, aðstæðum og eðli málsins hverju sinni.

Bekkjartenglar eru valdir ár hvert og eru núverandi bekkjartenglar hvattir til að fara að huga að, innan síns bekkjar, hverjir vilja taka þátt í bekkjartenglastarfinu /vilja EÐA sækjast eftir að vera bekkjartenglar á næsta skólaári. Það er tilvalið að vera komin með það staðfest á aðalfundi foreldrafélagsins hverjir taki við bekkjartenglastarfinu í hverjum bekk á komandi skólaári.

Aðalfundur foreldrafélags Áslandsskóla verður í lok apríl, en nánari dagsetning verður auglýst síðar. Einnig er áætlað að halda sameiginlegan bekkjartenglafund fljótlega til að bekkjartenglar fái að sjá hvað aðrir eru að gera og fá hugmyndir. Ég vil að lokum þakka það góða starf sem haldið hefur verið úti af bekkjartenglum og foreldrum það sem af er vetri.

Fyrir hönd foreldrafélags Áslandsskóla  
Ragna I Halldórsdóttir formaður

## Frá foreldrafélagi Áslandsskóla

*Tilgangur Foreldrafélags Áslandsskóla er að efla foreldrasamstarf, vera sameiginlegur vettvangur samskipta og efla tengsl foreldra. Við trúum því að með virkri þátttöku foreldra verði frammistaða nemenda betri, sjálfstraust þeirra meira og viðhorf jákvæðara.*



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÖÐINN**  
**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri